

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2020, mánudaginn 14. desember kl. 13:00 var haldinn 298. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn um fjarfundabúnað. Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Eyþór Laxdal Arnalds, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Páll Gestsson, í fjarveru Brynhildar Davíðsdóttur, Björn Gíslason, í fjarveru Hildar Björnsdóttur, Valgarður Lyngdal Jónsson og Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir. Einnig sat fundinn Bjarni Bjarnason, forstjóri. Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram fundargerð SF 297. Fundargerðin samþykkt og verður undirrituð rafrænt.
2. Klukkan 13:00 mætti Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála til fundarins og gerði grein fyrir stöðu fjármögnunar. Samþykkt að leggja fram ársreikning ársins 2019 á kostnaðargrunni, samkvæmt leið 1, sem Ingvar kynnti.

Lögð fram áhættuskýrsla, dags. 30.10.2020.

Ingvar lagði fram svohljóðandi tillögu vegna fyrirhugaðrar sölu á eignarhluta í Landsneti, ásamt drögum að viljayfirlýsingu. Tillögunni fylgir greinargerð.

Stjórn samþykkir að fela forstjóra og/eða framkvæmdastjóra fjármála að undirrita viljayfirlýsingu um breytingu á eignarhaldi Landsnets hf. og ganga til viðræðna um sölu eignarhlutarins á grundvelli viljayfirlýsingarinnar. Stjórn verði upplýst um gang viðræðna og endanlegur samningur lagður fyrir stjórn til afgreiðslu.

Tillagan samþykkt samhljóða.

3. Forstjóri óskar eftir umboði stjórnar til boðunar hluthafafundar í OR og Orkuveitu Reykjavíkur – Eignir. Afgreiðslu frestað.
4. Klukkan 13:30 mætti Sæmundur Friðjónsson, forstöðumaður Upplýsingatækni til fundarins og lagði fram og kynnti upplýsingaöryggisstefnu OR. Sæmundur lagði til að stefnan verði óbreytt. Stefnan rýnd og samþykkt óbreytt. Sæmundur lagði einnig fram og kynnti upplýsingatæknistefnu OR. Stefnan rýnd og samþykkt óbreytt.
5. Klukkan 13:50 mætti til fundarins Hólmfríður Sigurðardóttir, umhverfisstjóri lagði fram og kynnti minnisblað um stöðu umhverfismælikvarða dags. 10.12.2020. Einnig Hildigunnur H. Thorsteinsson, framkvæmdastýra rannsóknar og nýsköpunar og lagði fram og kynnti minnisblað sitt um stöðu forðagæslu dags. 10.12.2020. Umræður.
6. [Tekið út vegna trúnaðar].
7. Klukkan 14:15 mætti Gestur Pétursson, framkvæmdastjóri Veitna til fundarins ásamt Guðmundi Óla Gunnarssyni, starfandi forstöðumanni hitaveitu og Skúla Skúlasyni, framkvæmdastjóra Þjónustu og kynnti stöðuna á hitaveitunni í kuldakastinu í upphafi mánaðarins. Lögð fram samantekt um verðskrár hitaveitu í Mosfellsbæ og á veitusvæði Veitna, sem Eyþór Laxdal Arnalds óskaði eftir milli funda.

Eyþór Laxdal Arnalds og Björn Gíslason óska bókað:

Gjaldskrá á heitu vatni hækkaði hressilega í “Planinu” til að styrkja fjárhag Orkuveitunnar. Sem dæmi má nefna 28,5% hækkun í október 2010. Lagt var upp með þessar gríðarlegu hækkanir þannig að unnt væri að lækka þegar “brothættur” fjárhagur fyrirtækisins hefur náð að styrkjast til muna.” Óhætt er að segja að nú sé fyrirtækið búið að “styrkjast til muna” þar sem það endurgreiðir eigendalán upp á 5,9 milljarða og greiðir auk þess arðgreiðslur upp á milljarða króna. Verðhækkanirnar hafa ekki gengið til baka þrátt fyrir væntingar um annað. Hitaveita á Hengilssvæðinu er mjög hagkvæm þar sem saman fer

raforkuframleiðsla og nýting á heitu vatni. Verðskrá Veitna ætti að vera með því allra lægsta á landinu. Samanburður við Hitaveitu Mosfellsbæjar leiðir í ljós að gjaldskrá Veitna til almennrar notkunar er 32% hærri en Hitaveitu Mosfellsbæjar. Þá er m3 af heitu vatni 44% dýrari hjá Veitum en hjá Veitustofnun Seltjarnarness. Það kom á óvart að mögulegur heitavatnsskortur hafi verið yfirvofandi í vetur, en áður hafði verið boðað að afkastageta hefði verið stórbætt, enda gjaldskráin meðal annars rökstudd með fjárfestingum.

8. Starfsáætlun stjórnar fyrir árið 2021 lögð fram að nýju og samþykkt.
9. Forstjóri lagði fram og gerði grein fyrir skýrslu sinni, dags. 10. desember 2020, um starfsemina á milli stjórnarfunda.

Klukkan 16:00 vék Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir af fundi.

Björn Gíslason leggur fram eftirfarandi tillögu:

Stjórn OR samþykkir að fyllt verði í Árbæjarlón í samráði við tilheyrandi stofnanir á meðan unnið er að lausn í samræmi við tilmæli stýrihópsins.

Tillagan borin undir atkvæði og felld. Björn Gíslason og Eyþór Laxdal Arnalds greiða atkvæði með tillögunni. Gylfi Magnússon, Páll Gestsson og Sigríður Rut Júlíusdóttir greiða atkvæði gegn tillögunni, Valgarður Lyngdal Jónsson situr hjá.

Eyþór Arnalds og Björn Gíslason óska bókað:

Ekki var rétt staðið að tæmingu Árbæjarlóns og er ljóst að sú aðgerð fer gegn gildandi deiliskipulagi Elliðaárdals frá 1994 sem og því nýja deiliskipulagi sem nú hefur verið kynnt, auglýst og afgreitt í borgarráði. Í nýja deiliskipulaginu er skilmerkilega fjallað um Árbæjarlón og lónshæðin sérstaklega árétuð og birt á teikningum. Í tillögunni segir á bls 25: "Ofan við Árbæjarstíflu er mikill munur á sumar- og vetrarlandslagi. Á vetrum fyllir Árbæjarlón upp svæðið ofan við stífluna en yfir laxveiðitúmann á sumrin eru þar tveir farvegir sem renna hvor sínum megin við Blásteinshólma." Enn fremur á bls 16 í skilmálabók: "Árbæjarlón er eitt helsta sérkenni svæðisins. Á vetrum er þar stöðuvatn sem nær yfir mestallt flatlendið en á sumrin er hleypt úr lóninu vegna laxagöngu.." Sama er að segja um uppdrætti og skýringarmyndir. Þar er Árbæjarlón allstaðar óbreytt og fyllt. Við teljum því einboðið að Orkuveitan komi vatnsborðinu á ný í fyrri stöðu og hverfi frá heimildarlausum breytingum á vatnsborðinu. Umsagnaraðilar höfðu ekki samþykkt eða gefið heimild til að tæma lónið, enda væri slíkt óheimilt miðað við gildandi deiliskipulag.

10. Önnur mál.

- Lögð fram samþykkt stjórnar Starfsmannafélags Orkuveitu Reykjavíkur um að tilnefna Guðjón Björnsson, formann félagsins, sem áheyrnarfulltrúa á stjórnarfundum OR.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 16:40.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn þann 25. janúar 2021.

Gylfi Magnússon,

Sigríður Rut Júlíusdóttir
Eyþór Laxdal Arnalds
Valgarður Lyngdal Jónsson

Björn Gíslason
Páll Gestsson
Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir